

mætti og krafðist þess, og eigi gat stefnandanum borið rjettur til þess, að fá málið aptur fyrir tekið (reassumerað), þótt hann innan hálfsmánaðar beiddist þess af dómaranum, sbr. tilskipun 15. ágúst 1832 7., 8., 9. og 14. gr., enda gat rjettur sá, er hinn stefndi hafði öðlzt sakir útivistar stefnandans, til þess að málið yrði hafið, eigi glatazt fyrir þá sök, að úrskurður rjettarins eigi var upp kveðinn þegar í stað. Hinn áfrýjaði dómur er því lögum samkvæmur og ber að staðfesta hann, einnig ákvæðin um kost og tæring til stefnda. Eptir atvikum á áfrýjandinn að greiða stefnda 12 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Eyjúlfrur Jónsson, hinum stefnda, Einari Einarssyni, 12 krónur. Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 8. ágústmán.

Nr. 37/1887.

Hið opinbera
gegn
Sigurði Ólafssyni.

D ó m u r :

Mál þetta hefur í hjerði verið höfðað að boði amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu gegn hinum kærða, Sigurði hreppstjóra Ólafssyni í Vatskotu, fyrir

ólöglega lyfjaverzlun eða brot á móti einkaleyfi lyfsölu-
manna eptir tilskipun 4. des. 1672, og var það dæmt í
lögreglurjetti Skagafjarðarsýslu hinn 23. nóvember 1885
með þeim úrslitum, að hinn kærði skyldi sýkn í mál-
inu, en greiða skyldi hann málskostnað.

Þessum dómi hefur hlutaðeigandi amtmaður af hálfu
hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags.
9. marzmán. þ. á.

Það er sannað með játningu hins kærða, að hann
hafi frá Þýzkalandi keypt 30 glös af homöpathiskum
lyfjum, er hann upprunalega ætlaði til notkunar á heim-
ili sínu, en síðar að nokkrum hlut ljet úti til ýmsra
manna, er beiddust þess, og hefur hinn kærði skýrt svo
frá, að hann hafi ekki haft þessi meðöl á bodstólum og
eigi heimtað borgun fyrir þau, en þó tekið við þóknun
af sumum fyrir þau, eða öllu heldur fyrir ómak sitt og
tímatöf. Með því á þennan hátt að láta úti læknis-lyf
og þiggja endurgjald fyrir, hefur hinn kærði brotið
gegn tilskipun 4. desbr. 1672, 30. gr., sbr. 11. gr., sbr.
einnig Instrúx fyrir landlækni 25. febr. 1824, 18. gr.,
og Instrúx fyrir hjeraðslækna 25. febr. 1824, 17. gr.,
og verður hann því að sæta sekt fyrir, er með tilliti til
konungsbrjefs fyrir Noreg 17. janúarm. 1783 í sambandi
við Kansellí-brjef til stiptamtmannsins yfir Íslandi 16.
september 1797 skal ákveðin 4 krónur, er renni í hlut-
aðeigandi hreppsjóð. Svo ber honum og að greiða all-
an af málinu löglega leiðandi kostnað, bæði í hjeraði
og fyrir landsyfirdómi, þar með talin málflutningslaun
til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, er skulu á-
kveðin 8 kr. til hvors þeirra um sig. Rekstur málsins
í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því
við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Sigurður Ólafsson, á að greiða 4 kr. sekt, er renni í hlutaðeigandi hreppsjóð; svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir landsyfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 8 krónur til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 38/1887.

Hið opinbera
gegn
Þorkeli Pálssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í hjeraði höfðað eptir fyrirskipun Norður- og Austuramtsins gegn hinum kærða, Þorkeli Pálssyni, fyrir óleyfilega lyfjaverzlun eða brot á móti einkaleyfi lyfsölumanna á Íslandi eptir tilskipun 4. desember 1672, og var það dæmt í lögreglurjetti Skaga-fjarðarsýslu hinn 23. nóvemberm. 1885 þannig, að hinn kærði var sýknaður í málinu, og málskostnaður lagður á hið opinbera.

Dómi þessum hefur hlutaðeigandi amtmaður af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. marzmán. þ. á.

Hinn kærði hefur játað það, og er sú játning hans